

í nafni félagsins, hindri eða láti aðra félagsmenn hindra afgreiðslu, móttöku og flutninga á vörum að og frá verksmiðjuhúsum gerðarbeiðanda við Kleppsveg og að Skúlagötu 26, framkvæmda af starfsmönnum gerðarbeiðanda, sem ekki eru félagsbundnir í launþegasamtökum, sem eiga í verkfalli.

Agli Sigurgeirssyni hæstaréttarlögmanni er kunn þýðing lögmannsins.

Hann tekur fram, að úrskurði þessum verði áfrýjað þegar í stað af hálfu gerðarþola.

Laugardaginn 20. júní 1964.

Nr. 31/1964. **Landsbanki Íslands**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

Sigurbirni Eiríkssyni og gagnsök

(Guðlaugur Einarsson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason.

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Það er upphaf þessa hæstaréttarmáls, að gagnáfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, skaut til dómsins með stefnu 14. febrúar 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag, fjárnámsgerð, er Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, framkvæmdi hinn 31. október 1963, en aðaláfrýjandi, Landsbanki Íslands, gagnáfrýjaði þeirri fjárnámsgerð samkvæmt heimild í 3. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 með stefnu 18. febrúar 1964, sbr. úrskurð Hæstaréttar um ágreining aðilja 9. marz 1964. Samkvæmt áfrýjunarleyfi 21. febrúar 1964 áfrýjaði gagnáfrýjandi því næst með stefnu sama dag héraðsdómi, fjárnámsgerð, er Þorsteinn

Thorarensen, borgarfégeti í Reykjavík, framkvæmdi hinn 22. október 1963, greindri fjárnámsgerð frá 31. október 1963, fjárnámsgerð, er Skúli Thorarensen, fulltrúi bæjarfégetans í Kópavogi, framkvæmdi 21. nóvember 1963, og fjárnámsgerð, er Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti framkvæmdi 17. janúar og 1. febrúar 1964. Aðaláfrýjandi gagnáfrýjaði með stefnu 21. marz 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s. m., héraðsdómi og greindum fjárnámsgerðum, öðrum en fjárnámsgerðinni frá 31. október 1963, er hann hafði áður áfrýjað, eins og að framan greinir, en áfrýjun þeirrar fjárnámsgerðar af hendi gagnáfrýjanda samkvæmt stefnu hans 14. febrúar 1964 var felld niður með útivistardómi Hæstaréttar 1. maí 1964.

Hinn 24. september 1963 greiddi gagnáfrýjandi upp í skuld þá, sem mál þetta er af risið, kr. 100.000.00. Þeirrar greiðslu var af vangá eigi getið í málatilbúnaði aðaláfrýjanda á bæjarþingi. Hins vegar hefur aðaláfrýjandi í fjárnámskröfum sínum dregið fjárhæð þessa frá dómskuld gagnáfrýjanda.

Aðaláfrýjandi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði héraðsdómur og fjárnámsgerðir verði staðfest að öðru en því, að dæmd fjárhæð í héraði lækki um kr. 100.000.00 vegna greiðslu þeirrar, sem getið var. Þá krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi gagnáfrýjanda.

Gagnáfrýjandi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, málinu vísað frá héraðsdómi, hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir úr gildi felldar og aðaláfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eigi eru efni til ómerkingar héraðsdóms eftir kröfu gagnáfrýjanda.

Samkvæmt gögnum málsins ber að taka til greina kröfur aðaláfrýjanda. Verður gagnáfrýjanda því dæmt að greiða aðaláfrýjanda kr. 1.825.000.00 með 8% ársvöxtum af kr. 1.025.000.00 frá 19. september 1963 til 20. s. m., af kr. 1.275.000.00 frá þeim degi til 21. s. m., af kr. 1.925.000.00 frá þeim degi til 24. s. m. og af kr. 1.825.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo kr. 60.000.00 í málskostnað í

héraði. Þá ber og að staðfesta hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 100.000.00.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði aðaláfrýjanda, Landsbanka Íslands, kr. 1.825.000.00 ásamt 8% ársvöxtum af kr. 1.025.000.00 frá 19. september 1963 til 20. s. m., af kr. 1.275.000.00 frá þeim degi til 21. s. m., af kr. 1.925.000.00 frá þeim degi til 24. s. m. og af kr. 1.825.000.00 frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði, kr. 60.000.00.

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir staðfestast.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 100.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. október 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Landsbanki Íslands, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. september, gegn Sigurbirni Eiríkssyni, Spítalastíg 7, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 1.925.000.00, með 9% ársvöxtum frá útgáfudegi tékkanna til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Jafnframt er krafist staðfestingar á löghaldsgerðum, sem framkvæmdar voru 24. september s.l. af borgarfégetanum í Reykjavík í innréttingum og innbúi í veitingahúsinu Glaumbæ, hlutabréfum í Kaupskip h/f, af bæjarfégetanum í Kópavogi í húseigninni Hlíðarhvammi 9, Kópavogi, og af sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu í jarðeigninni Álfsnesi í Mosfellssveit.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera samkvæmt 6 tékkum, öllum útgefnum af stefnda þannig:

Þann 19. september s.l. tékki E nr. 38973 á hlaupareikning

nr. 4403 í Útvegsbanka Íslands	kr. 200.000.00
Sama dag tékki E 38970 á hlaupareikning nr. 4403 í Útvegsbanka Íslands	— 350.000.00
Sama dag tékki D 2840 á hlaupareikning nr. 55 í Samvinnubanka Íslands	— 475.000.00
Pann 20. september s.l. tékki D nr. 2841 á hlaupa- reikning nr. 55 í Samvinnubanka Íslands	— 250.000.00
Pann 21. september s.l. tékki D nr. 2844 á hlaupa- reikning nr. 55 í Samvinnubanka Íslands	— 200.000.00
Pann 21. september s.l. tékki D nr. 2842 á hlaupa- reikning nr. 55 í Samvinnubanka Íslands	— 450.000.00
Samtals	kr. 1.925.000.00

Tékka þessa hafi stefnandi keypt af stefnda dagana 19.—21. september s.l., en við framvísun í viðkomandi bönkum hafi innstæða ekki reynzt vera fyrir hendi.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi fallið frá kröfum um staðfestingu löghaldsgerða.

Stefndi hefur látið sækja þing, en þingsókn fallið niður, án þess að andmælum væri hreyft.

Verður því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85 frá 1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda. verða þær teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 60.000.00, en vextir ákveðast 8%. Reiknast þeir þannig: Af kr. 1.025.000.00 frá 19. september 1963 til 20. s. m., af kr. 1.275.000.00 frá þ. d. til 21. s. m. og af kr. 1.925.000.00 frá þeim degi til greiðsludags

Sigurður Líndal, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, greiði stefnanda, Landsbanka Íslands, kr. 1.925.000.00 með 8% ársvöxtum af kr. 1.025.000.00 frá 19. september 1963 til 20. s. m., af kr. 1.275.000.00 frá þ. d. til 21. s. m. og af kr. 1.925.000.00 frá þ. d. til greiðsludags og kr. 60.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetadóms Reykjavíkur 22. október 1963.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 1927/1963 svohljóðandi

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Stefán Pétursson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.925.000.00, 8% ársvöxtum af kr. 1.025.000.00 frá 19/9 1963 til 20/9 1963, af kr. 1.275.000.00 frá 20/9 1963 til 21/9 1963 og af kr. 1.925.000.00 frá 21/9 1963 til greiðsludags, kr. 60.000.00 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og eftirfarandi uppboð, en að frádregnum kr. 100.000.00.

Sigurbjörn Eiríksson, Spítalastíg 7, er mættur. Hann segist ekki borga skuldina, en fellur frá aðfararfresti á dóminum á rskj. 2. Með honum mætir Hjörtur Torfason héraðsdómslögmaður.

Eftirfarandi var skrifað upp til fjárnáms:

Jarðýta (International 79).

Stefán Pétursson krefst þess, að fram fari fjárnám í ýmiss konar innanstokksmunum í veitingahúsinu „Glaumbæ“ í Framsóknarhúsinu, samkvæmt lista, sem hann leggur fram sem rskj. nr. 3, svohljóðandi:

Hjörtur Torfason tekur fram, að gerðarbeiðanda sé kunnugt, að á munum þessum hvíli veðréttur fyrir skuld, að upphæð kr. 1.700.000.00, samkvæmt ákvæðum samþykktis kaup-tilboðs í eignir þessar.

Að auki tekur Hjörtur fram, að Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður hafi tjáð sér, að hann óskaði þess, að fjárnámi í munum þessum verði frestað um sinn, máské til þess að hann geti komið fram meðalgöngu f. h. Ragnars Þórðarsonar.

Stefán Pétursson fær frest til greinargerðar um þetta atriði til morguns kl. 1130.

Þá voru skrifaðir upp til fjárnáms 30 víxlar, hver að upphæð kr. 5.000.00, samþykktir af Guðlaugi Bergmann, Laufásvegi 16, til greiðslu 3ja dag hvers mánaðar, október 1963 til marz 1966, incl.

Enn fremur víxill, að upphæð kr. 30.000.00, samþykktur til greiðslu 29/11 1963 af Heiðari Magnússyni, en útgefinn 29/5 1963 af Ólafi Jónssyni, Oddhól.

Loks var skrifuð upp hlutafjárinneign hjá Kaupskip h/f, kr. 450.000.00. Hlutabréf hafa enn ekki verið prentuð, en gerðarþoli segist hafa kvitun fyrir þessari innborgun.

Gerðarþoli segist ekki geta bent á frekari eignir hér í umdæminu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í jarðýtu, 31 víxli og 450.000.00 króna hlutafjárinneign, sem að ofan getur. Var fallið frá virðingu. Víxlarnir verða að svo komnu í vörzlu fógeta.

Fógeti skýrði þýðingu fjárnámsins fyrir gerðarþola.

Fjárnáminu er lokið hér í umdæminu, en Stefán Pétursson getur þess, að hann muni halda gerðinni áfram í Kópavogi og í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem gerðarþoli muni eiga eignir.

Fjárnámsgerð fógetadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 31. okt. 1963.

.....

Fógeti leggur fram nr. 1 beiðni og nr. 2 endurrit fjárnámsgerðar

Gerðarþoli, Sigurbjörn Eiríksson, Spítalastíg 7 í Reykjavík, er sjálfur mættur og samþykkir, að gerðin fari fram hér á skrifstofunni.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Stefán Pétursson, lögfræðingur Landsbankans, og krefst þess, að gerðinni verði fram haldið hér, og krefst fjárnáms fyrir dómröfðunni, kr. 1.925.000.00, auk kostnaðar og vaxta, að frádregnum kr. 100.000.00, sem greitt hefur verið.

Gerðarþoli kveðst ekki geta greitt skuldina, en vísar á eftirtalda muni til fjárnáms, er voru skrifaðir upp þannig:

1. 17 kýr í Álfsnesi.
2. Ca. 120 varpendur á sama stað.
3. 16 grísir.
4. 5 gyltur.
5. 12 hross.
6. Snúningsvél.
7. Dráttarvél, International.
8. Sláttuvél.
9. Heyblásari.
10. Dieselmótor.
11. Heyforði sá, sem er í Álfsnesi, ca. 600 hestburðir.
12. Skekta með utanborðsvél.
13. 2 heyvagnar.
14. Fólksbifreið, R 10801.
15. Ca. 250 stykki frystar aliendur.

Framangreindir munir eru allir í Álfsnesi á Kjalarnesi.

Enn fremur vísar gerðarþoli á til fjárnáms jörðina Álfsnes

með öllum gögnum og gæðum, er hann kveðst eiga, þótt ekki sé þinglýst eignarheimild.

Fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í nefndum eignum, að geymdum betra rétti þriðja manns, til tryggingar fjárnámskröfunni og brýndi þýðingu gerðarinnar fyrir gerðarpola.

Fjárnámssgerð fógetadóms Kópavogs 21. nóvember 1963.

.....
Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 endurrit fjárnáms í Reykjavík, svohljóðandi

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Stefán Pétursson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 1.925.000.00 með 8% ársvöxtum frá 19/9 1963 til 20/9 1963, af kr. 1.275.000.00 frá 20/9 1963 til 21/9 1963 og af kr. 1.925.000.00 frá 21/9 1963 til greiðsludags, kr. 60.000.00 í málskostnað, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, en kostnað gerðarpola.

Gerðarþoli er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Ellert Tryggvason, sem er hér. Áminntur um sannsögli, kveðst mætti ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mættis lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarpola í Hlíðarhvammi 9. Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættum að skýra gerðarpola frá fjárnáminu

Upplesið, játaði rétt bókað. Gerðinni, sem að nokkru reyndist árangurslaus, lokið.

Fjárnámssgerð fógetadóms Reykjavíkur 17. janúar og 1. febr. 1964.

Gerðarþoli er mættur og með honum Hjörtur Torfason héraðsdómslögmaður.

.....
Gerðarþoli bendir á til fjárnáms húseignina Dalbæ í Blesugróf samkvæmt heimild eiganda húseignarinnar, Magnúsar Aðalsteins Magnússonar. Er þetta heimildarskjal lagt fram í málinu sem rskj. nr. 21. Svohljóðandi

Fógeti mun tilnefna virðingarmenn til að virða húseignina Dalbæ, og er málinu frestað á meðan með samþykki mættra.

.....

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Stefán Pétursson héraðsdómslögmaður.

Gerðarþoli er mættur og með honum Hjörtur Torfason héraðsdómslögmaður.

.....

Rétturinn var fluttur að húsinu Melavöllum við Rauðagerði, og lýsti fógæti þar yfir fjárnámi í fasteign þeirri Viðstaddur var Hjörtur Torfason héraðsdómslögmaður fyrir gerðarþola, og er honum kunn þýðing fjárnámsins.

Þá var rétturinn fluttur í húsið Dalbæ í Blesugróf.

Fógæti lýsti yfir fjárnámi í húseigninni Dalbæ, og er Hirti Torfasyni héraðsdómslögmanni, umboðsmanni gerðarþola, kunn þýðing þess.

Laugardaginn 20. júní 1964.

Nr. 104/1964. **Málmey h/f**

gegn

**Árna Gunnlaugssyni, Emil Eyjólfssyni,
Guðmundi Guðmundssyni, Gunnari Gunn-
arssyni, Ingimundi Sigurjónssyni, Sigurði
Þorsteinssyni og Sæmundi Ágústssyni.**

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr
og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Krafa um lausn skips úr
vörzlu uppboðshaldara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, er borizt hafði sýslumanninum í Gullbringu-
og Kjósarsýslu hinn 10. júní 1964, hefur sóknaraðili kært
mál þetta til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði
úrskurður verði felldur úr gildi og að bann við afhendingu
v/b Málmeyjar, SK 7, úr dráttarbraut Drafnar h/f verði
af létt. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi
varnaraðilja in solidum.